

HAMPIÐJAN

VERSLUN

ALLT Á EINUM STAD

Ólafsbraut 19 - 436 1214 - www.voot.is

JÖKULL

1146. tbl - 25. árg.

6. febrúar 2025



Snjóflóð féll úr Ólafsvíkurenni



Appelsínugul viðvörðun var í gildi á Snæfellsnesi fyrir helgi. Um land allt var spáð suðaustan hvassviðri og hláku en versta veðrinu var spáð á norðanverðu Snæfellsnesi. Á fimmtudeginum var mikið hvassviðri og úrkoma sem lægði með kvöldinu og upp úr hádegi á föstudeginum hafði appelsínugul viðvörðun tekið gildi og stóð yfir í sólarhring. Björgunarsveitin Lífsbjörg hafði í nógu að snúast, á Fróðárheiði og Vatnaleið var lokað fyrir umferð, skólalaldi í Snæfellsbæ var aflýst á föstudeginum, Leikskólar Snæfellsbæjar lokuðu fyrr og æfingar hjá Ungmennafélaginu féllu niður. Vegna mikillar

úrkomu og hlýnandi veðurs lýsti Veðurstofa Íslands yfir óvissustigi vegna ofanflóðahættu á Vesturlandi. Tvö vot snjóflóð féllu úr Ólafsvíkurenni og lokuðu veginum á milli Rífs og Ólafsvíkur. Enginn slasaðist í snjóflóðinu og þegar veður fór að ganga niður og hætta á fleiri flóðið gekk yfir hófu starfsmenn TS vélaleigu að hreinsa veginn. Þeir höfðu mikið verk fyrir höndum þegar fjögurra metra hár skafli beið þeirra, en þá hafði flóðið hjaðnað um tvo metra yfir nóttina á meðan veðrið lét sem verst. Mikið mildi var að ekki fór verr og opnaði vegurinn aftur fyrir umferð rétt fyrir

hádegi á laugardagsmorguninn, þá um 17 tímum eftir að flóðið féll. Meðfylgjandi mynd tók Michael Gluszuk þegar vinnuvélar TS

vélaleigu höfðu lokið við að opna veginn.

SJ

Hádegishlaðborð alla virka daga

á milli 11:45-13:00

Súpa dagsins & brauð
Ferskur salatbar
Réttur dagsins

**10% AFSLÁTTUR AF
KLIPPIKORTUM TIL 13. FEBRÚAR**

Matsedill fyrir mánuðinn er
aðgengilegur á skerrestaurant.is

Opnunartími

mán-mið	fím-fös	lau	sun
11:45 - 15:00	11:45 - 20:30	12:00 - 20:30	12:00 - 15:00

sker
RESTAURANT

Hafkaup

www.hafkaup.is - Sími: 895-5525

Porrablót í Klifi



Árlegt þorrablót var haldið í Klifi síðastliðinn laugardag. Tæplega 270 miðar seldust á blótið en það er töluverð fjölgun miðað við undanfarin ár. Veitingastaðurinn Sker sá um að matreiða dýrindis þorramat fyrir gesti. Jóhannes Snær Eiríksson sá um að halda uppi stemmingu en hann veislustýrði kvöldinu með glæsibrag. Viktoría Kr. Guðbjartsdóttir fór með minni karla í ár og eiginmaður hennar Styrmir Páll Sigurðarson fór með minni kvenna.

Jóhannes Snær spilaði á gítar á meðan salurinn söng þorralög en einnig var sunginn frumsaminn texti eftir Örvar Marteinnsson við lagið Rómeo og Júlía eftir Bubba Morthens. Að því loknu var komið að skemmtiatriðum þorrablótsnefndar sem slógu í gegn eins og alltaf. Hljómsveitin Babies Flokkurinn lék fyrir dansi langt fram á nótt enda var mikið stuð á gestum þorrablótsins.

JJ



Bifreiðaverkstæði / Egis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

Verkfall skolið á

Verkfall kennara hefur verið yfirvofandi síðan í október og í desember var tilkynnt að Leikskóli Snæfellsbæjar væri einn þeirra 14 leikskóla sem hafði verið boðað verkfall í. Umræddu verkfalli var svo frestað og átti að hefjast aftur 1. febrúar ef ekki næði að semja fyrir þann tíma. Seint að kvöldi 31. janúar var ljóst að sátt næðist ekki fyrir boðað verkfall og hófust aðgerðir að morgni mánudags, 3. febrúar. Félagar í Kennarasambandi Íslands í 14 leikskólum og sjö grunnskólum um land allt mættu því ekki til



vinnu í dag en verkfallið snertir um 5000 börn og fjölskyldur þeirra. Kjarasamningar kennarafélaga og sveitarfélaga runnu út í lok maí á þessu ári og kallar Kennarasamband Íslands eftir því að menntun og ábyrgð sé metin til launa til jafns við aðra háskólamenntaða sérfræðinga. Kennarar hafa kallað eftir endurbótum og meiri fjármunum til menntakerfisins og vilja tryggja að kennarar fái viðunandi greiðslur og betri starfsskilyrði.

SJ



Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímarpantanir í síma 436-1111

 Jökull Bæjarblað
 steinprent@simnet.is
 436 1617



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500
Áb.maður: Jóhannes Ólafsson
Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ
Netfang: steinprent@simnet.is
Sími: 436 1617



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður


Björgunarskipið Björg kom fiskiskipi til bjargar

Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar kallaði Björgunarskipið Björgu út á mesta forgangi rétt upp úr klukkan fimm aðfaranótt miðvikudagsins 29. janúar. Fiskibátur hafði misst stýrið og rak meðfram landi, aðeins um hálfu sjómílu frá landi. Tveir voru í bátnum sem var rétt undan Svörtuloftum. Björgin var komin fljótt og örugglega að bátnum sem hafði náð að bjarga sér örlítið með vélarafli og náð að halda sig frá landi. Björg tók bátinn í tog og kom til hafna-

ar á Rífi rétt um klukkan hálf átta en mildi var að veðrið var gott. Þylusveit Landhelgisgæslunnar var kölluð út um leið og útkallið barst en þegar Björgin kom á vettvang var hún afturkölluð. Nýja Björgin sýndi sig og sannaði í þessu útkalli en ferð sem hefði tekið eldri bátinn yfir 40 mínútur fór nýja Björgin á 20 mínútum. Öflugt björgunarskip með skjótan viðbragðstíma er ómetanlegt á svæði sem þessu.

SJ





Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggtillur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Sveitarstjórnarfólk fundaði með þingmönnum NV kjördæmis



Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi ásamt oddvitum og bæjar- og sveitarstjórum á Vesturlandi funduðu með nýjum þingmönnum Norðvestur- kjördæmis miðvikudaginn 22. janúar. Tilgangur fundarinnar var að kynna fyrir þingmönnum helstu áherslur sveitarfélaganna á Vesturlandi í ýmsum mikilvægum málum eins og þær birtast í ályktunum frá Haustþingi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi 2024. Á fundinum

var meðal annars farið yfir samgöngumál, raforku og fjarskipti, málefni fatlaðra, löggæslu, heilbrigðismál, öldrunarþjónustu, nýsköpun og fleira. Allir sem fundinn sátu voru sammála um að halda áfram að skapa gott samstarf á milli sveitarstjórna fulltrúa á Vesturlandi og þingmanna Norðvesturkjördæmis og vinna að framgangi hagsmunamála Vesturlands.

SJ



**FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700
www.fmis.is



Stefán Máni hlýtur Blóðdropann

Íslensku bókmenntaverðlaunin 2024 og Íslensku glæpasagna-verðlaunin - Blóðdropinn voru afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum 29. janúar síðastliðinn. Halla Tómasdóttir afhenti bæði verðlaunin. Það var bókin Dauðinn einn var vitni sem hlaut blóðdropann í ár en höfundur hennar er Ólsarinn Stefán Máni Sigþórsson. Bókin er háspennu-ævintýri þar sem lögreglan tekst á við yfirvofandi ógn sem steðjar að lífi íbúa Reykjavíkur í kappi við tímann. Bókin fjallar um lögreglumanninn Hörð Grímsson sem hefur einnig komið fram í öðrum bókum Stefáns Mána. Verðlaunahafar íslensku bókmenntaverðlaunanna 2024 voru Kristín Ómarsdóttir fyrir bókina Móðurást: Draumþing, Guðjón Friðriks-son fyrir bókina Börn í Reykjavík

og Rán Flygenring fyrir bókina Tjörninn. Dómnefndina skipuðu þau Björn Teitsson, Kristín Ásta Ólafsdóttir, Unnar Geir Unnars-son, Viðar Eggertsson og Kristín Inga Viðarsdóttir.



Gjaldskrá

vegna Félagsheimilisins Klifs fyrir árið 2025

a) Dansleikur (stóri salur og kaffisalur - án STEF gjalda)	kr.	115.500
~ húsaleiga	kr.	71.400
~ þrif á húsinu	kr.	44.100
ATHUGA - leigutaki greiðir fyrir þá dyraverði sem þarf að hafa skv. reglum hússins		
ATHUGA - STEFgjöld eru greidd af leigutaka - reiknuð skv. Gjaldskrá STEF hverju sinni		
b) Helgarleiga - allt húsið (föstudagur - sunnudags) - t.d. ættarn kr.	kr.	152.500
b) Veislur - stóri salur, kaffisalur, blái salur og eldhús	kr.	78.750
c) Veislur - stóri salurinn og eldhúsið	kr.	68.250
d) Veislur - kaffisalurinn og eldhúsið	kr.	36.750
e) Veislur - blái salurinn	kr.	31.500
f) Veislur - salurinn uppi	kr.	26.250
g) Veislur (liður e og f) - aðgangur að eldhúsi	kr.	15.750
h) Fundir - kaffisalur og stóri salur saman	kr.	57.750
i) Fundir - stóri salurinn	kr.	36.750
j) Fundir - kaffisalurinn	kr.	26.250
k) Fundir - blái salurinn	kr.	26.250
l) Fundir - salurinn uppi	kr.	26.250
m) Erfidrykkjur	kr.	36.750
n) Fundir félagasamtaka	kr.	5.000
o) Minniháttar samkomur á vegum félagasamtaka	kr.	20.000

~ þetta á við um fjáraflanir þar sem félagasamtökin sjá sjálf um þrif, t.d. páskabingó, jólabingó, o.s.frv.

~ þetta á **EKKI** við um stærri viðburði eins og t.d. Sjómannadagshóf, þorablót eða slíkt

- * Húsinu skal skilað hreinu, eins og tekið var við því, og allt á sínum stað.
- * Leigutaki sér sjálfur um uppsetningu og röðun á borðum og stólum og skal raða þeim upp aftur á þann hátt sem tekið var við þeim áður en húsinu er skilað (sjá teikningu í eldhúsi).
- * Þrif eru ekki innifalín í leiguverði, nema f. dansleiki, en hægt er að kaupa þrif skv. neðangreindri gjaldskrá:

~ Þrif á hliðarsölum (kaffisalur, blái salur, salur uppi)	kr.	28.350
~ Þrif á stóra salnum	kr.	44.100
- * Ef óskað er eftir því að nota ljósa- og/eða hljóðbúnað hússins, skal hafa samband við umsjónarmann sem útvegar fólk sem leigutaki greiðir fyrir skv. neðangreindri gjaldskrá:

~ Ljósa og hljóðmaður pr. klst.	kr.	15.750
---------------------------------	------------	---------------

ATHUGIÐ! Gjaldið er pr klst og greiðist skv. skiluðum tímum ljósa- og hljóðmanns!
- * Hægt er að fá umsjónarmann til að sjá um kaffi á fundum og skal það gert um leið og húsið er pantað - að öðrum kosti er ekki gert ráð fyrir því að húsið sjái um veitingar.
~ Samið er um verð við umsjónarmann
- * Ef tónlist er höfð í húsinu þarf að greiða STEF gjöld. Klif er ábyrgt fyrir greiðslu STEF gjalda og sér því um innheimtu á þeim hjá leigutaka.
Upphæð fer skv. gjaldskrá STEF hverju sinni og hægt er að nálgast hana á heimasíðu STEF.

